



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skattrannsóknarstjóri ríkisins  
Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri  
Borgatúni 7b  
105 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík, 7. febrúar 2020  
Tilv.: FJR19100038

Efni: Fjárveitingabréf fyrir árið 2020

Með bréfi þessu er upplýst um fjárveitingar til ríkisaðila á grundvelli laga um opinber fjármál. Jafnframt er greint frá markmiðum, mælikvörðum og aðgerðum sem ríkisaðili skal m.a. hafa að leiðarljósi í starfsemi á árinu og hverju ríkisaðili skal gera skil á í ársskýrslu/greinargerð, sem skila skal ráðuneytinu fyrir 1. apríl á ári hverju. Í greinargerðinni komi fram uppgjör ríkisaðila á árangri fyrra árs með upplýsingum um stöðu mælikvarða og aðgerða.

Fjárveitingabréfinu er ætlað að veita **yfirsýn** yfir **tengingar** milli:

- stefnu málefnasviðs/málaflokks í fjármálaáætlun,
- fjárveitinga til ríkisaðila, sbr. fjárlög fyrir árið 2020, og
- framkvæmdar, sbr. stefnu ríkisaðila í A-hluta, 2020–2022.

### 1. Markmið og áherslur málefnasviðs og málaflokks

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 falla málefni **skattrannsóknarstjóra** undir málefnasvið 5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu og **málaflokk 5.1 Skatta og innheimtu**. Í fjármálaáætlun eru framtíðarsýn og meginmarkmið sett fram á málefnasviðinu, en mælikvarðar og aðgerðir sem vinna skal að á tímabili áætlunarinnar koma fram undir málaflokknum.

**Framtíðarsýn** málefnasviðsins er ábyrg umsýsla fjármuna og eigna ríkisins sem styður við skilvirka og góða þjónustu og bætt lífskjör á Íslandi.

**Meginmarkmið** málefnasviðsins er að skatta-, fjármála- og eignaumsýsla ríkisins sé samræmd, gagnsæ, skilvirk og hagkvæm.

**Markmið málaflokks 5.1** miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Bæta skattskil og tekjuöflun til sameiginlegra útgjalda.
- Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

### 2. Stefna ríkisaðila til þriggja ára og ársáætlun

Skattrannsóknarstjóri sendi ráðuneytinu stefnu sína til þriggja ára 2020–2022 þann 2. desember 2019. Stefnan, þ.e. markmið, mælikvarðar og aðgerðir, er að mati ráðuneytisins **í samræmi við gildandi stefnu í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024**, þ.e. á málefnasviðinu og í málaflokknum. Jafnframt rúmast framkvæmd stefnunnar að mati ráðuneytisins innan fjárveitinga

málflokksins ársins 2020, að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs. Stefna skattrannsóknarstjóra til þriggja ára 2020-2022 er **staðfest**, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

### 3. Áhersluverkefni sem ríkisaðili skal vinna að árið 2020

Kjarnastarfsemi skattrannsóknarstjóra ríkisins er annars vegar rannsókn skattalagabrota og hins vegar refsimeðferð vegna ætlaðra brota. Þá leitast embættið við að tryggja innheimtukröfur ríkissjóðs með kyrrsetningu eigna. Embættið stuðlar að samræmi og skilvirkni við meðferð skattalagabrota með samstarfi og samráði við aðrar stofnanir er málflokkinn varðar. Skattrannsóknarstjóri hefur þá stefnu að embættið geti framfylgt hlutverki sínu með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti og sé góður vinnustaður með hæfu og áhugasömu starfsfólki sem hefur til að bera frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Til að styðja við það hefur embættið sett sér mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu. Jafnframt er lögð áhersla á hagkvæman og vistvænan rekstur þar sem faglegir þættir rekstursins eru tryggðir.

Í þriggja ára áætlun skattrannsóknarstjóra kemur fram að markmið ríkisaðilans til næstu ára snúa að aukinni skilvirkni, varnaðaráhrifum og tryggingu á innheimtu opinberra gjalda.

Helstu markmið er snúa að *kjarnastarfsemi* skattrannsóknarstjóra eru þríþætt.

*Í fyrsta lagi* að auka skilvirkni og árangur við rannsóknir og refsimeðferð skattalagabrota. Það verður m.a. gert með áherslu á greiningu, aukinni tíðni funda og auknum aðföngum ásamt fjölgun lögfræðinga og tilfærslu starfsmanna milli sviða.

*Í öðru lagi* að auka varnaðaráhrif og vitund almennings um afleiðingar skattsvika og verður það gert með því að veita ríkari upplýsingar um afleiðingar skattsvika á vefsíðu embættisins, þ. á m. um niðurstöðu dóma og úrskurða.

*Í þriðja lagi* að auka árangur við að tryggja innheimtu skatt- og sektarkrafna ríkissjóðs. Tekjur ríkissjóðs verði auknar með því að kyrrsetja eignir í ríkara mæli til tryggingar skatt- og sektarkröfu. Það á m.a. við um fasteignir, bifreiðar, reiðufé, innstæður á bankareikningum og aðrar fjárhagslegar eignir.

Þau verkefni og aðgerðir sem skattrannsóknarstjóri hefur kynnt og eiga að styðja við kjarnastarfsemi og rekstrarþætti falla vel að almennum áherslum í ríkisrekstri samkvæmt kafla 5 í bréfi þessu.

### 4. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020

Eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum fyrir árið 2020 er fjárveiting til skattrannsóknarstjóra 414,1 m.kr. Skiptingin er eftirfarandi:

Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
410,9	0,0	0,0	3,2	414,1	0,0	414,1

Tegundaskipting er eftirfarandi:

Viðfang	Laun	Önnur gjöld	Eigna- kaup	Til- færslur	Gjöld	Tekjur
09-215-101 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	350,8	60,1			410,9	
09-215-601 Tæki og búnaður			3,2		3,2	

Helstu breytingar á fjárlögum fyrir árið 2020 eru eftirfarandi:

Samantekt	Fjárhæð
Almennar ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti	-8,8
Launa-, gengis-, og verðlagsreikningur á fjárl.fr.v. 2020	11,9

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að skattrannsóknastjóra verði tryggt aukið fjármagn sem nemur 90 m.kr. Gert er ráð fyrir að stofnunin muni mæta 30 m.kr. af þessari upphæð með því að nýta uppsafnaðan höfuðstól fyrri ára en það sem á vantar verður mætt innan málaflökks. Er þetta liður í því að styrkja getu og stöðu eftirlitsstofnana til að sinna verkefnum er varðar eftirlit og varnir gegn peningabætti, skattrannsóknum og skatteftirliti. Stofnunin mun nýta auknar fjármuni til að ráða til sín sérfræðinga og efla rannsóknir á stærri málum sem tengjast erlendri starfsemi.

Að teknu tilliti til framangreinds hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið samþykkt ársáætlun skattrannsóknarstjóra fyrir rekstrarárið 2020.

## 5. Áherslur í ríkisrekstri

**Á árinu 2020 er lögð áhersla á að allar stofnanir ríkisins:**

### **Loftslagsmál**

- ✓ Setji sér loftslagsmarkmið og innleiði aðgerðir um samdrátt um losun í CO<sub>2</sub> í samræmi við loftslagsstefnu Stjórnarráðsins.
- ✓ Efli vistvænan rekstur ríkisins og vinni að því að uppfylla öll fimm Grænu skrefin í ríkisrekstri fyrir 1. júní 2021.
- ✓ Kaupi eingöngu vistvæna bíla þar sem það er mögulegt. Kaup á bílum sem ekki uppfylla umhverfisskilyrði þarf að rökstyðja sérstaklega.

### **Betri og skilvirkari opinber þjónusta**

- ✓ Vinni að umbótum sem stuðla að aukinni skilvirkni og bættri þjónustu og gera kleift að innleiða betri vinnutíma eigi síðar en 1. janúar 2021.
- ✓ Auki framboð á stafrænni þjónustu og sjálfsafgreiðslu og geri þjónustuna aðgengilega á Ísland.is.
- ✓ Birti bréf og önnur skjöl í pósthólfi Ísland.is í stað þess að senda bréfpóst.
- ✓ Veiti aðgengi að gögnum sínum um gagnaflutningslagið Strauminn (X-Road).
- ✓ Deili upplýsingum um nýsköpunarverkefni sem stofnunin hefur unnið á Nýsköpunarvefnum opinbernyskopun.island.is.

### **Betri nýting sameiginlegra innviða og aukinn samrekstur**

- ✓ Séu þátttakendur í sameiginlegum innkaupum í gegnum Ríkiskaup.
- ✓ Taki frá og með 1. janúar 2020 eingöngu við rafrænum reikningum (ekki pdf) í samræmi við reglugerð nr. 44/2019.
- ✓ Innleiði nýtt skrifstofuumhverfi ríkisins (Microsoft 365) og hagnýti möguleika þess til að auka skilvirkni og samstarf.
- ✓ Innleiði innkaupakerfi í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (rafrænar beiðnir og pantanir).

### **Mannauðsmál**

- ✓ Móti og virki mannauðsstefnu sem stuðlar að aukinni starfsánægju, heilbrigðri starfsmannaveltu og fækkun fjarvista.
- ✓ Fangi og nýti lykilmannauðstölur, með hagnýtingu fjárhags- og mannauðskerfis ríkisins, með það að leiðarljósi að fá yfirsýn yfir stöðu stofnunar, samanburð við aðrar stofnanir og til nýtingar við gerð aðgerðaáætlunar í mannauðsmálum.
- ✓ Innleiði jafnlaunastaðalinn og fylgi eftir aðgerðaáætlun um úrbætur.

## 6. Samskipti ráðuneytis og ríkisaðila

Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið. Mikilvægt er að bókhald ríkisaðila sé fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Ef veruleg frávik verða frá ársáætlun innan rekstrarársins hvílir sú skylda á forstöðumanni að tilkynna ráðuneytinu án tafar ástæður þeirra frávika og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim.

Ráðuneytið leggur áherslu á gott samstarf við stofnanir. Lögð er rík áhersla á upplýsingagjöf; gott aðgengi að gögnum, upplýsingum um verkefni og rekstur stofnunarinnar. Upplýsingum sé ávallt miðlað á aðgengilegan máta.

Mikilvægt er að uppgjör ríkisaðila á árangri stefnumörkunar ársins 2019 sé skilað fyrir 1. apríl 2020 með upplýsingum um stöðu mælikvarða og aðgerða þar sem það er efniviður ráðuneytisins í ársskýrslu ráðherra.

Stefnt er að því að ráðuneytið og ríkisaðili eigi formlegan fund að hausti eftir framlagningu fjárlaga-frumvarps fyrir árið 2021 um drög að þriggja ára áætlun ríkisaðila 2021–2023 um markmið og árangur til lengri tíma. Aðrir fundir verða ákveðnir eftir þörfum.

Guðrún Ögmundsdóttir  
skrifstofustjóri

Helga Jónsdóttir  
skrifstofustjóri